

## **Fundargerð (21)**

**Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 26. janúar 2021, kl. 14.00.**

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson  
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams föstudaginn 22. janúar.

Áður en gengið var til dagskrár bauð Helga f.h. stýrihópsins Sigríði Sesselju Sæmundsdóttur velkomna til starfa í verkefnisstjórninni í stað Dagnýjar Pind Aradóttur. Jafnframt fagnaði hún því að Aldís er nú komin í fullt starf í verkefnisstjórninni, sem er til marks um hversu mörg brýn og aðkallandi verkefni við er að fást nú þegar breytingarnar nálgast óðfluga.

### **Dagskrá:**

1. **Fundargerð 20. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Dagsetningin 1. febrúar** er lykildagsetning í undirbúningsferli betri vinnutíma. Þá þarf að liggja fyrir hvort mönnunarforsendur standast enda þarf að bregðast við með afgerandi hætti á einstökum vinnustöðum, ef svo er ekki. Umræða var um málið og munu fulltrúar í stýrihópnum hver á sínum vettvangi leggja áherslu á mikilvægi umbótasamtala fyrir 1. febrúar n.k. og sýna stjórnendum og starfsmönnum þann stuðning sem verða má.
4. **Fjármögnun betri vinnutíma í vaktavinnu.** Launagreiðendur fóru yfir stöðu samtals við stjórnendur um málið. Eftir umræðu var áréttað hve mikilvægt samtalið er og launagreiðendur hvattir til að ræða og skýra leikreglurnar hver í sínum stjórnendahópi.
5. **Ferill varðandi mönnunarforsendur .** Bára Hildur kynnti skjalið: Ferill/farvegur þegar niðurstaða mönnunarforsendna liggur fyrir, sem sent var út með dagskrá. Miklar umræður urðu um málið og stýrihópsfulltrúar sem vilja koma ábendingum á framfæri gera það skriflega fyrir lok dags. Gert ráð fyrir að ferillinn ásamt meðfylgjandi gátlistum verði kynntur á fundi verkefnisstjórnar með fulltrúum launafólks á morgun.

6. **Matshópur – verkefnaáætlun.** Verkefnaáætlun til loka aprílmánaðar, sem fyrir lá með dagskrá fundarins, var kynnt og upplýst að hópurnir hafi átt tíða fundi undanfarið og dagskráin framundan sé þétt. Því var fagnað og minnt á að störf matshópsins eru einn meginstólpi stýrikerfis verkefnisins.
7. **Innleiðingarhópar – verkefnaáætlun.** Bára Hildur greindi frá fundum með innleiðingarhópum og boðaði að á næsta stýrihópsfundi yrðu upplýsingar frá innleiðingarhópum á dagskrá.
8. **Önnur mál**
  - Bent á að æskilegt geti verið að verkefnisstjórnin bjóði upp á viðbótarfundi með fulltrúum launagreiðenda/launafólks nú þegar álag vegna undirbúnings breytinganna eykst.
  - Upplýst að Helga og Bára Hildur hafa í samráði við Ingu Rún óskað eftir að koma á næsta fasta fund bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu hinn 1. febrúar n.k. til að kynna stöðu verkefnisins og mikilvægi þess að stjórnendur í hverju sveitarfélagi styðji vel við verkefnið og framfylgd þess nú þegar álag vegna þess fer vaxandi.
  - Verkefnisstjórn falið að leggja mat á hvort henni henti betur að hafa stýrihópsfundi á öðrum tíma en nú er.

Fundi slitið kl. 15.34. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fundur 2. febrúar kl. 14.00.